


Heimsóknin mín á sýninguna *Vatnið í náttúru Íslands*




Ég ætla að heimsækja sýninguna *Vatnið í náttúru Íslands*. Sýningin fjallar um ferskvatn í ýmsum myndum. Sýningin er á 2. hæð Perlunnar sem er efst í Öskjuhlíðinni. Í Perlunni eru líka fleiri sýningar, kaffihús og veitingastaður, minjagripabúð, ísbúð og útsýnispallur.



Perlan er stór bygging úr stáli og gleri. Inngangurinn er fyrir miðju hússins fyrir framan bílastæðin. Ég geng að innganginum, þar er hringhurð sem ég þarf að ýta á svo hún snúist.

Þegar ég kem inn um innganginn sé ég stórt skilti til vinstri og afgreiðsluborð til hægri. Aðeins lengra áfram til vinstri er gosbrunnur sem fer í gang á 15 mínútna fresti. Þá sprautast vatn hátt upp í loftið.


Starfsfólk Perlunnar er klætt í svört föt. Ef ég þarf að kaupa miða tala ég við starfsfólkið og þau hjálpa mér við það. Ef ég er með Vildarvinakort Perlunnar eða er hluti af skólahóp þarf ég ekki að kaupa miða. Svo geng ég áfram og fer í gegnum snúningshlið eða læt opna bandið fyrir mér.



Ég get valið hvort ég gangi upp stigann eða taki lyftuna upp á 2. hæð. Ef ég tek stigann geng ég upp eina hæð og fer svo í gegnum annað snúningshlið. Ef ég tek lyftuna geng ég upp að lyftunum, ýti á takka og bíð svo eftir að önnur hvor lyftan opnast. Ég geng inn í lyftuna og ýti á takka númer 2.

Þegar ég kem upp á 2. hæð sé ég stóran klettavegg með mörgum fuglastyttum. Það eru líka nokkrar fuglastyttur hangandi í loftinu. Ég sé kannski líka stóra blöðru sem er í laginu eins og hvalur.

Við hliðina á lyftunum eru ruslatunnur og þar handan fyrir hornið eru snagar þar sem ég get hengt upp útifötin mín ef ég vil.





Þegar ég kem inn á sýninguna blasir við mér stór stytta af skordýri sem heitir vatnsköttur. Styttan er ljósbrún, hún er úr leðri og tré. Ég geng lengra inn og sé myndband af vatni á gólfinu og heyri vatnshljóð.

Á sýningunni eru margir skjáir með alls konar upplýsingum og myndum. Suma skjái get ég snert til að skoða meira. Á sýningunni eru líka steinar, fiskar og plöntur til sýnis. Í vatnabúrum eru lifandi plöntur og dýr sem ég get skoðað með stækkunarglerjum.

Á einum veggnum er stór orðafoss þar sem nöfn á fossum falla niður. Ég má fara á bakvið fossinn ef ég vil. Á öðrum stað er blátt borð fullt af köldu vatni, þar ofan í eru stór gerviskordýr. Ég má busla í vatninu með höndunum og snerta gerviskordýrin ef ég vil.

Stundum finnst mér það sem ég sé áhugavert og stundum ekki. Það er allt í lagi að mér finnst ekki allt áhugavert. Það er líka allt í lagi að ég skoði ekki alla sýninguna í einni heimsókn. Ég get þá kannski komið aftur seinna og skoðað meira.



Inni á sýningunni eru stólar og ég get fengið mér sæti ef ég vil. Ef ég vil fara á klósettið get ég farið upp á 4. hæð, annaðhvort með lyftunni eða upp stigann. Uppi á 4. hæð er skilti sem bendir mér á hvar klósettið er.

Þegar mér finnst ég hafa skoðað nóg er tími til að halda heim. Ef ég setti útifötin mín í fatahengið þarf ég að muna að ná í þau aftur. Ég fer út úr safninu sömu leið og ég kom.